



179. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 6. maí 2014 kl. 09:30.

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Haraldur Eiríksson, Hilmar Björgvinsson (varamaður Jóns Hjartarsonar), Jón G. Valgeirsson, Olga Lísu Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigursveinn M. Sigurðsson, Sigþrúður Jónsdóttir, og Þórarinn Ingólfsson. Rakel Lind Úlfhédinsdóttir fulltrúi nemenda var í prófi og komst þess vegna ekki til fundar. Ægir Pétur var með próf í kennslustund og því tók varamaður hans Sigursveinn sæti á fundinum. Sigþrúður Harðardóttir fulltrúi foreldra var fjarverandi.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð fundar frá 11. mars sl.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð án athugasemda.

2. Starfsmannamál

Olga Lísu skólameistari fór yfir breytingar í starfsmannamálum. Í máli hennar kom fram að breytingar verða þó nokkrar á hópnunum. Vegna fækkunar nemenda minnkar væntanlega kennslumagn haustannar og því er óljóst hve margir verða ráðnir vegna þeirra sem ekki koma til starfa aftur á haustönn. Skólameistari minntist aðeins á drög að reglum vegna þeirra sem eru að ná 95 ára reglunni í tengslum við lífeyrisréttindi. Umræður spunnust um 95 ára regluna og lífeyrisréttindi kennara.

Stefnt er að fundi með starfsmönnum og skólanefnd á haustönn (eftir 20. september).

3. Staða mála viðbyggingar

Byggingarnefnd fundar fljótlega og eru málin í viðkvæmri stöðu eins og er. Af þessari ástæðu er erfitt að segja nákvæmlega hvernig staðan er.

4. Kjarasamningar kennara

Skólameistari sagði í grófum dráttum frá nýjum kjarasamningi kennara sem samþykktur var í lok apríl. Í máli hennar kom meðal annars fram að nýtt vinnumat í samningnum yrði flókið að útfæra. Annað sem kom fram í umræðunni er að breyting verður á reiknilíkaninu sem úthlutar fjármagni til framhaldsskólanna. Talið er að kennarar séu ánægðir með kjarasamninginn að sögn fulltrúa þeirra í skólanefndinni.

5. Önnur mál:

A. Nemendur sem hafa hætt vegna verkfalls – lok annar

Óljóst er nákvæmlega hve margir hafa hætt vegna verkfallsins það kemur væntanlega í ljós þegar að loknum prófum.

B. Brautskráning 28. maí kl. 14:00

Skólameistari bauð skólanefndarmönnum til brautskráningar sem verður miðvikudaginn 28. maí kl. 14:00.

C. Fjárfestingarreikningur 2013



Fjárfestingarreikningur ársins 2013 var undirritaður af skólanefndarmönnum. Á fundinum kom fram að gleymst hefur að leggja ársreikning skólans 2013 fyrir skólanefnd Haraldur nálgaðist eintök af ársreikningnum og afhenti skólanefndarfólki.

D. Sálfræðiþjónusta

Umræður sköpuðust um sálfræðiþjónustu skólans. Fram kom að hugsanlegt væri að nýta sálfræðinga sem eru starfandi hjá skólaþjónustu sveitarfélaganna.

E. Styrkur til skólans

Skólameistari sagði frá tveggja milljóna króna styrk sem skólinn hefur fengið frá Þróunarsjóði til námskrárgerðar og nýrrar hugsunar í því sambandi.

F. Dansleikir nemendafélags

Umræður urðu um hvort dansleikir ættu að vera lokaðir þ.e. að ekki væri hleypt út og inn. Þessi regla er komin á og hefur gengið. Annað sem kom til umræðu var sala miða við innganginn. Spurning er hvort selja eigi alla miða í forsölu.

Skólanefndarformaður leggur til að á næsta fundi skólanefndar verði rætt um forvarnir almennt hjá framhaldsskólanemendum.

Næsti fundur er fyrirhugaður 2. september kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:25

Fundarritari,

Þórarinn Ingólfsson